

Svar

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá
Birni Val Gíslasyni um fjölda opinberra starfa.

1. *Hafa fjárlög fyrir árið 2014 haft áhrif á fjölda starfa sem undir ráðherra heyra í ráðuneytinu eða stofnunum þess? Efsvo er, hverjar eru breytingarnar og um hve mörg störf er að ræða?*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Bein áhrif fjárlaga 2014 á starfsmannafjölda stofnunarinnar er samdráttur um alls sjö stöðugildi. Þar af eru fjögur á höfuðborgarsvæðinu, tvö á Norðurlandi og eitt á Austurlandi. Um er að ræða fimm karla og tvær konur.

Samkeppniseftirlitið.

Fjárlög 2014 fólu í sér viðbótarfjárveitingu sem nam 30 millj. kr. raunhækkun. Virk stöðugildi á árinu voru 24 eða um tveimur fleiri en verið hefði ef ekki hefði komið til fjárveitingarinnar.

Ferðamálastofa.

Fjárlög 2014 hafa ekki haft áhrif á fjölda stöðugilda hjá stofnuninni á árinu 2014.

Orkustofnun.

Fjárlög 2014 hafa ekki haft áhrif á fjölda stöðugilda hjá stofnuninni á árinu 2014.

Einkaleyfastofan.

Fjárlög 2014 hafa ekki haft áhrif á fjölda stöðugilda hjá Einkaleyfastofunni.

2. *Hvaða áhrif er áætlað að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015, verði það samþykkt óbreytt, hafi á fjölda starfa sem undir ráðherra heyra í ráðuneytinu eða stofnunum þess? Hverjar eru áætlaðar breytingar og um hve mörg störf er að ræða?*
Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum, landshlutum og kyni starfsmanna sem breytingarnar snerta.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Stöðugildum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands mun fækka um tvö á árinu 2015, eitt á Norðurlandi og eitt á höfuðborgarsvæðinu. Báðum stöðum er í dag sinnt af körlum.

Samkeppniseftirlitið.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir lækkun sem jafngildir 25,5 millj. kr. að raungildi frá fjárlögum fyrir árið 2014. Sú fjárhæð svarar til 2–2,5 stöðugilda. Sam-

keppniseftirlitið mun freista þess að mæta þeirri lækkun að hluta til með öðrum hætti en fækkun stöðugilda. Endanleg niðurstaða liggur þó ekki fyrir.

Ferðamálastofa.

Engar breytingar á stöðugildum eru fyrirhugaðar á árinu 2015 hjá Ferðamálastofu.

Orkustofnun.

Ekki liggur ljóst fyrir hvort breytingar verða á stöðugildum Orkustofnunar á árinu 2015.

Einkaleyfastofan.

Ekki er fyrirsjáanlegt að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015, verði það óbreytt að lögum, muni hafa áhrif á fjölda starfa hjá Einkaleyfastofunni.